

Inga Pálsdóttir Sólnes, húsmóðir Akureyri.

Afhending 2016/40

Inga Pálsdóttir Sólnes fæddist í Reykjavík 12.8.1910, hún dó á Akureyri 11.8.2003. Foreldrar hennar voru Páll Árnason, lögregluþjónn f. 24.12.1871, d. 23.4.1930 og Kristín Árnadóttir f. 12.7.1897, d. 8.6.1958.

Inga var gift Jóni G. Sólnes f. 30.9.1910, d. 8.6.1986. Þau giftu sig 30.5.1936, áttu fimm börn og fjölda barnabarna.

Inga stundaði nám í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Hún hóf störf hjá Landsíma Íslands sem símastúlka 1930 þegar að faðir hennar lést langt fyrir aldur fram. Árið 1932 var hún flutt á sírstöðina á Akureyri, þegar að sjálfvirk sírstöð í Reykjavík var tekin í notkun. Þjó hún á Akureyri alla tíð eftir það.

Hún bjó lengst af í Bjarkarstíg 4 og hélt þar myndarheimili, var þar mjög gestkvæmt og tíð veisluhöld. Eftir andlát Jóns 1986 flutti hún í Aðalstræti 65 og þar bjó hún þar sem eftir lifði.

Á 11 árum bárust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.  
20.5.2020.

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

Jón Guðmundsson Sólnes, bankastjóri og alþingismaður Akureyri.

Afhending 2016/40

Jón Guðmundsson Sólnes var fæddur á Ísafirði 30.9.1910 og lést á Akureyri 8.6.1986. Hann var kjörsonur Edvard Gabrielsen Sólnes, útgerðarmanns f. 8.6.1880, d. 27.10.1958 og Lilju Daníelsdóttur f. 24.6.1874, d. 2.12.1939.

Jón var kvæntur Ingu Pálsdóttur Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003. Þau giftu sig 30.5.1936, áttu fimm börn og fjölda barnabarna.

Hann fékk gagnfræðiprófið á Akureyri 1926.

Sama ár hóf hann störf í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri og vann þar lengst af sem bókarari en var útibússtjóri 1961 – 1976. Hluta árs 1937 vann hann í Hambros Bank í London.

Jón var í bæjarstjórn Akureyrar 1946 – 1978 og aftur 1982 – 1986 og var forseti bæjarstjórnar 1962 – 1966 og 1970 – 1974. Hann var formaður framkvæmdastjórnar Brunabótafélags Íslands 1955 – 1979; í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966 – 1971 og í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 1972 – 1978. Jón var formaður Kröflunefndar um hríð, sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1969 og 1970 og sat á fundum Þingmannasamtaka Norður-Atlandshafsríkjanna 1975 – 1979.

Jón var varapingmaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn í desember 1972 og mars – apríl 1974.

Hann var alþingismaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1974 – 1979.

Á 11 árum bárust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.  
20.5.2020.

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2016 / 40

## A-Inga Sólnes og Jón G. Sólnes

## A-Inga Sólnes og Jón G. Sólnes

1928 - 1984

A	1	1	1928 - 1929	Höfuðbók M/S Brúni EA-18; heimilisbókhald.
A	1	2	1956 - 1956	Þrjú skólablöð; Gambri, 1956; Hælistíðindi, óárss; Frosti, óárss.
A	1	3	1944 - 1974	Tvær dagskrár 50 ára afmælishátíðar Kvenfélagsins Framtíðarinnar 1944, merktar Ingu og Jóni Sólnes; Leikskrá fyrir leikritið Enarus Montanus, gamanleikur í fimm þáttum eftir Ludvig Holberg fluttur af Leikfélagi M.A., 1957; Tvær dagskrár Ríkisútvarpsins RÚV 15. - 21. apríl 1973 (Pistill eftir Jón Sólnes) og 11. - 17. ágúst 1974 (Jón Sólnes með dagskrárliðinn „Dagskrárstjóri í eina klukkustund“).
A	1	4	1936 - 1984	Sálmaskrár.
A	1	5	1945 - 1945	Þrjár útsaumsbækur: stafabók, óárss. Ágústa Pétursdóttir teiknaði; stafabók, 1945. á sænsku; nýja útsaumsbókin, 28 útsaumsteikningar eftir Arndísi Björnsdóttur og Ragnheiði O. Björnsson, óárss.